



## Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar


Jafnlaunastefna þessi tekur til Akraneskaupstaðar sem sameiginlegs vinnustaðar starfsfólks á bæjarskrifstofu og í stofnunum kaupstaðarins og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki hans þau réttindi sem kveðið er á um í 19. grein jafnréttisлага nr. 10/2008.

Akraneskaupstaður greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvvarðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar skuldbindur hann sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu innan kaupstaðarins.
- Bregðast við óútskýrðum launamun, sé hann til staðar, með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórnum að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum Akraneskaupstaðar.
- Stefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar.





Akraneskaupstaður

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 12. janúar 2021

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri